

Jón Zophoníasson:

Nokkrir þættir í sögu vélrænnar álagningar opinberra gjalda og innheimtu

Fyrsta áritun á skattframtöl var gerð í Skýrsluvélum [ríkisins og Reykjavíkurbæjar] í byrjun árs 1954. Áritað var samkvæmt Þjóðskrá [sem þá var nýstofnuð], nöfn og heimilisföng gjaldenda í Reykjavík. Í framhaldi þar af var álagning gjalda unnin í Skýrsluvélum, gerð var skattskrá til framlagningar og innheimtugögn fyrir Tollstjórnann í Reykjavík og útsvarsinnheimtu Reykjavíkurborgar.



Í vélasal Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar*) 1961. Þekking má frá vinstri talið: Jón Zophoníasson, Magnú Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Ebenezer Þ. S. Sturluson og Bjarna P. Jónasson forstjóra.

*) Endingin „-bæjar“ í nafni Skýrsluvéla breyttist í „-borgar“ í apríl 1961.

Á næstu árum voru árituð framtöl og álagning unnin fyrir kaupstaði og sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur og á árinu 1962, þegar embætti Ríkisskattstjóra var stofnað, var svo komið að áritun framtals og vélræn álagningarvinnsla náði til landsins alls.

1978 var byrjað að véltaka (skrá á véltækan miðil) alla launamiða og með því var hægt gera vélrænt samanburð á framtöldum launum á framtali og uppgefnum launum frá launagreiðanda.

Næstu þáttaskil í úrvinnslu framtala verða þegar möguleikar opnast til þess að skrá fjárhæðir í öllum reitum framtalsins og auðvelda þannig aukna vélræna úrvinnslu.

Það sem háði verulega þróun vélrænnar úrvinnslu var hve véltaka/skráning gagna var óhandhæg. Skráningarvélar til færslu gagna í gatspjöld voru dýrar og fyrirferðamiklar og skattstofur utan Reykjavíkur þurftu að senda frumgögn eða handfærða lista til skráningar í Reykjavík. Þessu fylgdi talsverð fyrirhöfn og óþægindi. Veruleg umskipti urðu 1982, þegar teknar voru í notkun einkatölvur hjá öllum skattstofum, sem auðvelduðu alla gagnasöfnun og sendingu gagna til Skýrr. Á árinu 1987 er svo komið á sívinnslusamband við alla skattstjóra og hægt að skoða framtöl á „skjá“.

Þegar staðgreiðsla opinberra gjalda kom til sögunnar 1987-8 jókst verulega umfang allrar úrvinnslu. Til kom nýtt og yfirgripsmikið tölvukerfi, sem hlaut nafnið „Upplýsingakerfi RSK“ og með því varð til öflugt verkfæri til úrvinnslu og miðlunar og segja má að með því verði virkileg framför í allri úrvinnslu hjá RSK.

Virðisaukaskattur var tekinn upp í ársbyrjun 1990 og þar með varð til nýtt og fyrirferðamikið úrvinnslukerfi. Ný og endurbætt útgáfa af því kerfi, Vsk-2000, var tekin í notkun síðla árs 1999.

Nú á seinni árum hefur þróunin orðið sú að RSK kappkostar að fá á tölvutækum miðlum gögn frá þeim stofnunum sem miðla þeim upplýsingum til almennings sem eiga á einn eða annan hátt að koma fram á skattframtali, þannig að við áritun framtals séu þær tiltækar og hægt sé að forárita þær á framtal viðkomandi.

1999 var svo í fyrsta skipti gerð slík foráritun, að vísu takmörkuð. Þá um leið var boðið upp á að skila framtali rafrænt. Raunin varð sú að þessu var vel tekið og talsverður fjöldi skilaði framtali á þennan nýstárlega hátt.

Við áritun framtala ársins 2002 hefur foráritun verið aukin verulega og reynslan sýnir að framteljendur nýta sér möguleikann á því að skila framtali vélrænt og miðað við reynslu fyrra árs má ætla að ca 75% framtala verði skilað rafrænt.

Reikna má með að um helmingur framtala sem skilað er rafrænt verði afgreiddur vélrænt til álagningar, án íhlutunar starfsfólks.

17.4.2002 - JZ

(Framangreinda minnispunkta setti Jón Zophoníasson á blað í apríl 2002 að ósk undirritaðs sem þá vann að ritun sögu Skýrr, er kom út á bók á árinu. Í þessum fáu orðum rekur Jón merka sögu sem hann sjálfur stýrði í upphafi og hafði áfram hönd í bagga með í hálfra öld eða gott betur. Áréttað skal að Jón ritar þetta í byrjun árs 2002. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið – á þessu sviði sem öðrum.

Óttar Kjartansson)